

108. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 1. júlí 2008 kl. 17: 00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Björgvin Ólafsson, Guðmundur Kristinsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Laufásvegur 17. Óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar.
Lögð fram að nýju breyting á deiliskipulagi miðbæjar fyrir lóð nr. 17 við Laufásveg. Breytingin fólst í stækkun á byggingarreit og leyfa kjallara undir hluta af húsi. Erindið var grenndarkynnt sem óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir eigendum húsa að Skúlagötu 26 og Laufásvegi 15. Engar athugasemdir bárust.
Nefndin samþykkir óverulega breytingu á deiliskipulagi.
2. Byggingarleyfisumsókn. Reitarvegur 6A, íbúðarhús.
Jon Nordstein kt. 180756 2139/Arktitektar Olöf og Jon ehf sækja um byggingarleyfi f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 á íbúðarhúsi við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arktitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 26.03.'08. Stærðir: 153 m², 482,6 m³.
Suðurmörk húss skulu vera 3 m frá lóðarmörkum. Kvöð er um aðgengi að lögnum hita og rafmagns á suðurhluta lóðarinnar.
3. Smiðjustígur 2a, fyrirspurn um ofanábyggingu.
Fyrirspurn frá Hjörleifi Sigurþórssyni f.h. Guðmunds Amlín, um að byggja ofaná íbúðarhúsnæðið við Smiðjustíg 2a sbr. fyrirspurnarteikningar dags. júní '08.
Nefndin tekur jákvætt í fyrirspurn með fyrirvara á að skriflegt samþykki eigenda Smiðjustíg nr. 2 liggja fyrir. Grenndarkynna þarf erindið þegar að byggingarleyfisumsókn berst.
4. Austurgata 10, bílastæði á lóð.
Halldór Jóhann Halldórsson óskar eftir að gera bílastæði vestan megin við húsið sbr. bréf dags. 18.06.'08.
Erindi synjað þar sem aðkeyrsla fyrir bíl er til staðar fyrir austan húsið.
5. Lóðarstækkun Höfðagötu 9.
Sverrir Kristjánsson óskar eftir að stækka lóð Höfðagötu 9 úr 442 m², í 903 m² sbr. mæliblað.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

6. Hamraendi 3 mhl. 02, bæta við gluggum.
Hamraafl ehf /Símon Sturluson mhl. 020106 og Beiti ehf /Heimir Kristinsson mhl. 020101 óska eftir að bæta við gluggum í sitt hvort bilið að vestanverðu. Skriflegt samþykki meðeigenda hússins liggur fyrir. Hamraafl ehf, óskar einnig eftir að setja milliloft í bil mhl. nr. 02 0106, samkvæmt teikningu frá Verkfræðistofur EK dags. júní 2008.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

7. Laufásvegur 17, einbýlishús.
Fyrirspurn frá Símoni Sturlusyni um að byggja einbýlishús að Laufásvegi 17 sbr. teikningar. dags.
Tekið er jákvætt í erindi.

Björgvin situr hjá undir lið 8 vegna tengsla.

8. Ægisgata 8, útlitsbreytingar.
Teiknistofan hús og skipulag /Hildigunnur Haraldsdóttir FAÍ sækir um f.h. Guðbrands Björgvinssonar að klæða húsið og fjarlægja pósta úr stofuglugga sbr. teikn. dags. 25.06. '08.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

9. Önnur mál.

9.a Reitarvegur 6a. Lóðarstækkun og bátaskýli.
Edda Baldursdóttir lóðarhafi Reitarvegs nr. 6a óskar eftir að nefndin taki aftur fyrir stækkun á lóð og að byggja á lóðinni bátaskýli á lóðinni sbr. erindi dags 2. nóvember 2007.
Nefndin tekur jákvætt í að stækka lóð samanber tillögu að skipulagi Ytri höfða dags. júní 1993. Nefndin tekur jákvætt í byggingu geymsluhúss á lóðinni en bendir á að öll aðkoma að lóð er að ofanverðu.

B.V.